

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt 127  
auglýsingum nr. 115 30. júní 1947, nr. 148 27. ágúst 1945 og nr. 188 25. sept. 1945. 22. júní

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1950.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

128

27. júní

um breyting á símskeytagjöldum til landa utan Evrópu.

Samkvæmt ákvæðum alþjóða-ritsimareglugerðarinnar, sem gerð var í París 1949, og gengur í gildi 1. júlí 1950, lækka símskeytagjöld milli Íslands og landa utan Evrópu frá 1. júlí 1950 um 25% og verða sem hér segir fyrir almenn skeyti:

### Norður-Ameríka:

Bandaríkin:	Gjald fyrir orðið:
New York City, Lake Success (N.Y.) .....	kr. 6.15
Allar aðrar stöðvar .....	— 7.40
Canada .....	— 6.60

### Suður-Ameríka:

Argentína .....	— 12.55
Brazilía .....	— 11.80

Gjöld fyrir símskeyti til annarra landa utan Evrópu breytast í sama hlutfalli.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar falla niður frá sama tíma LC, NLT og CDE skeyti og verða því öll skeyti frá Íslandi til landa utan Evrópu frá og með 1. júlí 1950 að telja reiknuð með hinu nýja gjaldi.

*Póst- og símamálastjórnin, 27. júní 1950.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*Einar Pálsson.*

## SAMÞYKKT

129

27. júní

um lokunartíma sölubúða í Blönduóskaupúni.

1. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu vera þær undantekningar, er hér greinir: Aðfangadag jóla og gamlársdag skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 15. september skal lokunartími á laugardögum vera kl. 12 á hádegis. Annan tíma árs skal lokunartími á laugardögum vera kl. 4 síðd. Næsta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.